

1868. og frekari framkvæmda, að kostnað þann, sem orsakast hefir af þessu, ber að greiða úr jafnaðarsjóði þeim, sem í hlut á.

20. júní. 28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli fyrir Fremstagil.

Með bréfi 27. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Ásgeiri Einarssyni, eiganda Þingeyraklausturs í Húnavatnssýslu, þar sem hann lýsir yfir, að hann gangi að því að hafa jarðaskipti á Víðidalsfjalli, eign ríkissjóðsins, og jörðinni Fremstagili í Langadal eða annari jafngóðri jörð, með 20 hundraða dýrleika, sumpart með skilmálum þeim, sem settir eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar til amtsins 24. aprílmán. f. á., það er að segja, að ef svo kynni að fara, að ríkissjóðurinn gæti ekki heimilað honum landið fyrir þá sök, að álitid er í dómi landsyfirrættarins á Íslandi 11. aprílmán. 1859, að nokkrar af Þingeyraklausturs umboðsjörðum eigi tilkall til selstöðu í Víðidalsfjalli, þá skuli skaðabæturnar fyrir heimildar-skortinn vera í því fölgunar, að jarðaskiptin rjúfist, án þess að gjört verði tilkall til neins peningagjalds úr ríkissjóðnum, sumpart með því skilyrði, að þegar ábúandaskipti verða á greindum umboðsjörðum, þá skuli með berum orðum tekið fram í byggingarbréfum hinna nýju leiguliða, að þeir megi ekki hafa í seli í fjallinu.

Útaf þessu eruð þér beðnir, herra amtmaður, að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að framkvæma jarðaskipti þessi með kjörum þeim, sem að framan er á vikið, og vonumst vör á síðan eptir skýrslu frá yður um það, sem gjörist í þessu efni. — Eitt fylgiskjal er sent aptur.